

# Dagsbrún – þekkingarmiðstöð

Framtíð Bókasafns Dagsbrúnar

## Inngangur

Bókasafn Dagsbrúnar er sérfræðisafn, vísinda- og rannsóknasafn um íslenska verkalýðs-hreyfingu og vinnumarkað. ReykjavíkurAkademían hefur annast rekstur þess og varðveislu síðastliðin tuttugu ár þegar fyrsti samningur þess efnis var gerður við Eflingu – stéttarfélag sem er eigandi safnsins.

Í árslok 2023 rann út samningur til þriggja ára og nú er unnið að gerð samnings til tveggja ára með áherslu á umfangsmikla grisjun á bókakosti safnsins og gerð samnings til dæmis við ASÍ um aðkomu eða yfirtöku bókasafnsins. Þá hefur verið kallað eftir sýn ReykjavíkurAkademíunnar á framtíð safnsins og til þess að bregðast við því ákalli leggur stjórn ReykjavíkurAkademíunnar fram meðfylgjandi tillögur um að áherslum í rekstri safnsins verði breytt í takt við nýja tíma með því að efla rafræna starfsemi þess og ásýnd. Þannig verði til *Dagsbrún- þekkingarmiðstöð*, sem samanstendur af öflugri vefgátt og þjónustumiðuðu bókasafni. Hlutverk Dagsbrúnar – þekkingarmiðstöðvar verði að stuðla að rannsóknum og miðlun á sögu og þróun verkalýðshreyfingar og vinnumarkaðs á Íslandi. Meðal annars með því að auka rafrænt aðgengi fræðimanna og almennings að heimildum og upplýsingum; veita aðstoð og kennslu við leit í gagnagrunnum og á vefnum og stuðla að verkefnatengdu samstarfi við stofnanir, félög og samtök.

Á þessum nótum hefur verið unnið að hönnun og smíði vefgáttar um heimildir og rannsóknir á sögu og þróun íslenskrar verkalýðshreyfingar sem fljótlega verður opnuð almenníngi. Oddný Eir Ævarsdóttir stýrir því verkefni og staða þess og hugmyndalegur grunnur verða kynnt á lokafundi núverandi fagstjórnar sem haldinn verður við fyrsta tækifæri.

Framtíðin er björt!

Fyrir hönd stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar

Lilja Hjartardóttir, Þorleifur Hauksson og Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

## Dagsbrún - þekkingarmiðstöð

Eftir því sem næst verður komist þá vinnur engin stofnun eða starfseining hér á landi að því að stuðla að rannsóknum á verkalýðssögu og að tengja saman rannsakendur og hagsmunaaðila og að miðla þekkingunni til samfélagsins.

Þörfin er til staðar og þar af leiðandi felst tækifæri í því fyrir Eflingu – stéttarfélag, sem hefur styrka stoð í verkalýðshreyfingunni og ReykjavíkurAkademíuna, sem hefur tengingar inn í heim rannsókna og miðlunar, að breyta áherslum Bókasafns Dagsbrúnar með því að mæta betur en nú þörfum rannsakenda, nemenda og alls almennings fyrir rafrænt aðgengi að traustum upplýsingum sem gefa þeim aðgengi að heimildum og þekkingu á sögu atvinnu og verkalýðsbaráttu.

Þetta yrði gert með því að leggja aukinn þunga á hlutverk safnsins sem þekkingarmiðstöðvar, straumlínulaga safnkostinn og að þróa áfram vefgáttina sem er í smíðum. Þá er ástæða til þess að lögð verði vinna í að skilgreina vel og breikka hlutverk þekkingarmiðstöðvarinnar. Það verði gert m.a. með því að innleiða hina nýju nálgun á sögu atvinnu, sem nú er farið að beita í vaxandi mæli innan fræðanna, með endurskilgreiningu á vinnuhugtakinu þannig að það sé óháðara tíma, rúmi og valdastöðu.

Starfsemi Dagsbrúnar – þekkingarmiðstöðvar væri þannig að stuðla að rannsóknum og að safna og miðla upplýsingum um sögu og þróun verkalýðshreyfingar og vinnumarkaðarins á Íslandi. Auk þess að skapa tengsl við hagaðila eins og verkalýðsfélög og systurstofnanir á Norðurlöndum. Það er mat ReykjavíkurAkademíunnar að þróun bókasafnsins í Dagsbrún – þekkingarmiðstöð auki lýkur á aðkomu ASÍ að starfseminni.

Dæmi um verkefni sem unnin væru á vegum miðstöðvarinnar eru:

- **Bókasafn Dagsbrúnar** er rannsóknar- og sérfræðibókasafn sem heldur utan um sérhæfðan safnkost um verkalýðshreyfingu, vinnumarkað og atvinnulíf á öllum formum (pappír og rafrænt). Til þess að viðhalda gildi safnsins er mikilvægt að leggja á næstu árum alúð í að byggja markvisst upp safnkost safnsins og afla gagna frá samtökum launþega og atvinnurekenda. Samhliða þarf að grisja úr safninu efni sem er úrelt, samræmist ekki hlutverki safnsins, er ekki hluti af stofngjöfinni og er ólíklegt að muni nýtast til rannsókna á sögu verkalýðshreyfingarinnar. Bókasafnið býður upp á góða vinnuaðstöðu og býður upp á aðstoð og kennslu við leit í gagnagrunnum og á vefnum og býður upp á millisafnalán sem gerir notendum kleift að nálgast tímabundið efni annarra bókasafna.
- **Dagsbrún -vefgátt.** Verið er að leggja lokahönd á hönnun og smíði vefgáttar.<sup>1</sup> Þangað verður safnað upplýsingum um heimildir og rannsóknir á sögu og þróun íslenskrar

<sup>1</sup> Oddný Eir Ævarsdóttir er verkefnisstjóri vefgáttarinnar og hugmyndasmiður.

verkalýðshreyfingar og hægt að nýta vefgáttina til að miðla þekkingu um atvinnu- og verkalýðssögu til almennings.

Kröfur á rafrænt aðgengi að gögnum hefur aukist mikið og nú er svo komið að horft er fram hjá efni og þekkingu sem ekki er aðgengilegt á netinu. Á vefgáttinni verður kappkostað að setja samtímann í stærra sögulegt samhengi og skoða bæði breytingar og líkindi milli þess sem var og þess sem er. Bætast mun við efni hennar á næstu árum og hægt verður að búa til vefsýningar og setja upp tímalínu(r) sem gefur yfirsýn yfir ákveðna sögulega þróun.

- **Önnur rafræn miðlun.** Gera má söguna aðgengilega til dæmis í ferðaöppum og með ritun markvissra texta á Wikipediu.
- Taka þátt í að **sækja um styrki og stuðla að rannsóknum** á atvinnu- og verkalýðssögu sem lyki með miðlun á vefgátt Dagsbrúnar og/eða á annan hátt. Til dæmis eru uppi hugmyndir innan ReykjavíkurAkademiunnar um að hefja undirbúning að umsókn um verkefnisstyr í Rannsóknasjóði með áherslu á atvinnusögu.
- **Frumkvæði að skönnun og skráningu heimilda** og upplýsinga um íslenska verkalýðshreyfingu og atvinnulíf í samstarfi við opinberar varðveislustofnanir og eigendur skjala. Dagsbrún væri einn þátttakandi af mörgum og almennt er ekki farið af stað með slík verkefni nema fjármagn sé tryggt. Innskannað efni er áfram varðveitt hjá eigendum þess. Dæmi um slík verkefni:
  - Ítarskráning á smáprenti sem varðveitt er í Þjóðdeild Landsbókasafns og er eingöngu frumskráð í dag.
  - Ítarskráning, skönnun á smáprenti og ljósmyndum innan *Sögusafns verkalýðshreyfingarinnar*. Sögusafnið er varðveitt í Þjóðskjalasafni, það hefur eigin stjórn og þar eru varðveitt skjöl ASÍ og hluta aðildafélaga þess. Safnið er aðeins frumskráð og hefur verið þannig frá því það var afhent Þjóðskjalasafni til varðveislu.
  - Ítarskráning, skönnun á smáprenti og ljósmyndum á skjalasöfnum verkalýðsfélaga sem ekki eru varðveitt í Sögusafni verkalýðshreyfingarinnar, heldur eru ýmist varðveitt hjá verkalýðsfélögum eða á héraðsskjalasöfnum um allt land. Ráðgjöf til eigenda um varðveislu skjala fellur þar undir.
- **Greining, skráning og innskönnun á ljósmyndum.** Verulegur fjöldi ljósmynda frá 20. öld er til sem varðveita atvinnu- og verkalýðssögu. Mikilvægt er að ná utan um þessar ljósmyndir, skanna þær og gera aðgengilegar almenningi og safna upplýsingum um hvað þær sýna, t.d. í samstarfi við Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Þar undir fellur skráning, skönnun og greining á mynda- og skjalasafni Eflingar og í kjölfarið annarra verkalýðsfélaga.
- **Samstarf við hagaðila og systurstofnanir.** Til dæmis Landsbókasafn og Vörðu - rannsóknastofnun vinnumarkaðsins sem hefur þann tilgang að efla rannsóknir og kennslu á sviði vinnumarkaðar, félags- og efnahagsmála.

## Starfsmannapörf

Eins og fram kemur í samningum milli Eflingar og ReykjavíkurAkademíunnar þá **er fagstjórn Bókasafnsins** samráðsvettvangur milli samningsaðila sem ber ábyrgð á faglegri starfsemi bókasafnsins og að verkefnin séu unnin í samræmi við stefnu þess og starfsáætlun. Engin ástæða er til þess að breyta því hlutverki. Hins vegar þarf að tryggja fulltrúum í fagstjórn sanngjörn laun fyrir sína vinnu.

Ráða þyrfti **starfsmann** í hlutastarfi til þekkingarmiðstöðvarinnar. Þá myndi ReykjavíkurAkademían eins og í fyrri samningum bera ábyrgð á ráðningu hans. Starfsmaður myndi hafa umsjón með bókasafninu/upplýsingamiðstöðinni, og sjá um að hrinda ákvörðunum fagstjórnar í framkvæmd.

Ráða þarf **ritstjóri vefgáttar** í hlutastarf. Hann myndi starfa að því að byggja upp vefgáttina í samræmi við stefnu þekkingarmiðstöðvarinnar, skrifa og ritstýra efninu og annast samfélagsmiðla.